



Breyting **Deiliskipulag - Höfðasel**
Málsnr. **2103268**
Dags. **06.10.2025**

Akraneskaupstaður

Greinargerð vegna athugasemda við tillögu að breytingu á aðalskipulagi deiliskipulagi Höfðasel

1. Auglýst deiliskipulagstillaga

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir Höfðasel

Upphaflegt deiliskipulag Höfðasels var staðfest 13.3.1978 samkvæmt þágildandi skipulagslögum. Nýtt deiliskipulag var samþykkt 26. ágúst 1997 og samþykkt af skipulagsstjóra ríkisins 25. september 1997. Þó er litið svo á að deiliskipulag Höfðasels hafi ekki lögformlegt gildi í dag.

Athugasemdir bárust.

2. Kynningarferli

Skipulagslýsing var auglýst 28. mars 2023 til 14. apríl 2023. Haldinn var kynningarfundur 3. Mars 2025 í framhaldinu var samþykkt bæjarráð í umboði bæjarstjórnar 17. júlí 2025 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Höfðasel ásamt breytingum á óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Akraness.

Tillagan var auglýst 08.08.2025 - 19.09.2025 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu, Skessuhorni, akranes.is og skipulagsgátt.

3. Athugasemdir við nýtt deiliskipulag

Sendandi	Efni athugasemdar	Afgreiðsla
Veitur dags. 2.9.2025	Veitur gera ekki athugasemdir	Gefur ekki tilefni til svars
Minjastofnun Íslands dags 18.8.2025	Minjavörður Vesturlands gerir ekki athugasemdir	Gefur ekki tilefni til svars
Landsnet dags. 15. sept. 2025	Landsnet gerir ekki athugasemd við skipulagstillöguna	Gefur ekki tilefni til svars
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands dags. 18. september 2025	Almennar ábendingar um rekstur og umgengni. „Að mati HeV mættu almennir skilmálar í deiliskipulaginu um umgengni á lóðum vera skýrari varðandi geymslu á lausamunum, um söfnun á ónýtum tækjum og númerslausum/ónýtum bifreiðum svo eitthvað sé nefnt.“	Akraneskaupstaður telur ekki þörf á frekari skilmálum vegna umgengis, Heilbrigðiseftirlitið getur sett kröfur um umgengin við útgáfu í starfsleyfis.
Vegagerðin dags 12.9.2025	„Til að uppfylla Veghönnunar-reglur og þar með að ná	Neðsti hluti Grjótkelduflóa er felldur út úr skipulaginu



Akraneskaupstaður

	ásættanlegu umferðaröryggi er ljóst að ekki er mögulegt að tengja Höfðasel við Akrafjallsveg. Bæði er of stutt á milli tenginga og þar eru óásættanleg krossvegamót.“	til þess að tryggja ákveðna fjarlægð milli gatnamóta að kröfu Vegagerðarinnar. Núverandi gatnamót Höfðasels við Akrafjallsveg verða óbreytt. Útfærsla gatnakerfis og staða umferðaröryggismála á svæðinu skal endurmetin í samráði við Vegagerðina með hliðsjón af gildandi aðalskipulagi, stöðu svæðisins og hlutverki Akrafjallsvegar innan bæjarmarka Akraness.
--	---	--

Niðurstaða

Eftirtaldar breytingar eru gerðar á skipulagsuppdrætti og greinargerð eftir auglýsingu:

- Ný aðkoma (inn- útakstur) á lóð nr. 15 nokkuð austan núverandi tengingar.
- Neðsti hluti tengibrautarinnar Grjótkelduflóa milli Höfðasels og Akrafjallsvegar er felldur út vegna athugasemdar Vegagerðarinnar um fjarlægð milli gatnamóta. Merkt sem stefna/framtíðarlausn á uppdrætti í samræmi við aðalskipulag.
- Syðri tenging Höfðasels við Akrafjallsveg verður óbreytt, þ.e. eins og hún er nú. Var með einstefnu í auglýstri tillögu.
- Lóðamörkum milli Höfðasels 2-4 og 6 er breytt lítillega. Flatarmálstölur uppfærðar.
- Kafli 5.2.1 er uppfærður til samræmis við breytingu á aðalskipulagi.
- Tafla í kafla 3.2.1 er leiðrétt og uppfærð miðað við breytingar á lóðamörkum.
- Minni háttar lagfæringar á greinargerð og skýringarmyndum til samræmis við breytingar.

Greinargerð þessi var samþykkt á fundi skipulags- og umhverfisráðs
06.10.2025

Greinargerð þessi var samþykkt á fundi bæjarstjórnar
XX.XX.XXX

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Halla Marta Árnadóttir
skipulagsfulltrúi